

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

32. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn mánudaginn 11. Júní 2018

kl. 08:15 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja bs. Hringbraut 125

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Gísli Heiðarsson, Jóhann S. Sigurbergsson, Sigrún Árnadóttir, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri. Birgir Örn Ólafsson boðar forföll. Ingþór Guðmundsson varamaður mættir í hans stað.

### Fundargerð.

#### Formaður setur fundinn.

- Staðan í útboðsmálum nýrrar slökkvistöðvar.
  - Jón fer yfir gang mála í útboðsmálum en fundur er í dag kl: 10:00 hjá Glóru ehf. og þá er áætlað að allt verði klárt til að leggja gögnin aftur inn til Ríkiskaupa til útboðs.
- Staða fjármála.
  - Staða fjármála er samkvæmt áætlun en vegna mikilla veikinda starfsmanna er mjög líklegt að launaliður verði eitthvað hærri í lok fjárhagsársins. Aðrir liðir eru samkvæmt fjárhagsáætlun.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra.
  - Ný slökkvibifreið er í smíðum og er áætlað að hann komi til Reykjanesbæjar í þriðju viku september. Hafa stjórnendur fengið upplýsingar frá Eldvarnarmiðstöðinni um ferlið í framleiðslu bifreiðarinnar og eru að berast fyrirspurnir varðandi uppsetningu á bifreiðinni. Munu Sigurður og Davíð Heimisson fara í byrjun september til Póllands þegar lokafrágangur verður kláraður.
- Önnur mál.

Fyrirkomulag sjúkraflutninga óljós.

Stjórn B.S hefur verulegar áhyggjur af óljósri stöðu sjúkraflutninga á Íslandi og hvetur ríkisvaldið til að ganga að nýju til samninga við Rauða krossinn. Það er er ólíðandi að ríkisvaldið skuli sífellt draga fæturna í samningum þannig að sjúkraflutningar og starfsemi slökkviliða sé sífellt í óvissu.

**Fundi slitið kl. 09:10**